



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um aukningu stöðugilda hjá Barnavernd Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs þann 18. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 16. febrúar 2026, um aukningu stöðugilda hjá Barnavernd Reykjavíkur:

Lagt er til að fjárheimild verði aukin frá og með 1. mars 2026 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um þrjú stöðugildi. Er þar um að ræða þrjú stöðugildi ráðgjafa, eitt í könnunar og meðferðarteymi eldri barna, eitt í könnunar- og meðferðarteymi erlendra barna og eitt í fósturteymi.

Áætlaður kostnaður er 51 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins styður tillöguna heilshugar. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til barnaverndar í þeim fjárhagsáætlunum sem gerðar eru. Barnaverndin er ein af mikilvægustu einingunum innan borgarinnar sem styður við börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu. Líkt og sést í minnisblaðinu þá hefur álag á starfsmenn aukist vegna fjölgunar tilkynninga og vaxandi málþunga og er raunar ítrekað langt umfram æskileg viðmið samkvæmt mælingum á álagi og málafjölda í málavoginni. Einnig verður að horfa til þess að íbúum í Reykjavík hefur fjölgað síðustu fimm ár og er því mikilvægt að samþykkja aukningu á stöðugildum þannig að aukið álag og fjölgun tilkynninga bitni ekki á fagmennsku og þjónustu sem börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu eiga rétt á.

Fulltrúar Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Framsókn styður fjölgun stöðugilda í Barnavernd Reykjavíkur. Barnavernd þjónustar viðkvæmasta hóp okkar samfélags og má aldrei vera undirmönnuð. Það er þó gerð athugasemd við það að stöðugildin hafi ekki verið aukin í síðustu fjárhagsáætlun sem gerð var í desember. Sérstaklega í ljósi þess að erindi Barnaverndar um þörf á fjölgun stöðugilda barst í nóvember. Það hefði farið betur á því að tryggja fjármagnið í fjárhagsáætlun þessa árs. Fjölgun barna í Reykjavík og aukinn þungi mála kallar á fjölgun stöðugilda í barnavernd.

Tillagan er hér með send borgarráði.





Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um aukningu stöðugilda hjá Barnavernd Reykjavíkur, lögð fram á fundi velferðarráðs 18. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Aukning stöðugilda hjá Barnavernd Reykjavíkur

Lagt er til að fjárheimild verði aukin frá og með 1. mars 2026 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um þrjú stöðugildi. Er þar um að ræða þrjú stöðugildi ráðgjafa, eitt í könnunar og meðferðarteymi eldri barna, eitt í könnunar- og meðferðarteymi erlendra barna og eitt í fósturteymi.

Áætlaður kostnaður er 51 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur kemur hér á framfæri þörf á að styrkja starfssemi stofnunarinnar vegna fjölgunar tilkynninga, þyngri málavinnslu og aukins álags á starfsmenn.

Hinn 24. júní 2020 samþykkti velferðarráð að óska eftir fjárheimildum frá og með 1. september 2020 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi vegna fjölgunar tilkynninga í kjölfar Covid-19. Þau sjö stöðugildi sem horft var til skiptust í fjögur stöðugildi ráðgjafa, sem sérhæfðu sig í málefnum barna af erlendum uppruna og málefnum tengdum heimilisofbeldi, eitt stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa og tvö stöðugildi í eftirlit. Auk þess var óskað eftir þremur stöðugildum til viðbótar frá og með árinu 2021, eða samtals 10 stöðugildi.

Samhliða þessu var sú teymisskipting sem nú er til staðar hjá Barnavernd Reykjavíkur fest í sessi. Teymin eru: Bráða- og viðbragðsteymi, Könnunar og meðferðarteymi yngri barna, Könnunar og meðferðarteymi eldri barna, Könnunar og meðferðarteymi erlendra barna og Fósturteymi.

Í teymunum starfa félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar sem eru sérfræðingar í málefnum barna. Þá starfa hjá Barnavernd Reykjavíkur lögfræðingar, sálfræðingar, eftirlitsaðilar, fjármálasérfræðingur og deildarfulltrúar.

Þessi teymisskipting hefur reynst vel og fest sig í sessi. Sú breyting sem gerð var í lok árið 2022 að fækka um eitt stöðugildi í framkvæmdastjórn hefur einnig reynst vel. Um tíma voru skrifstofustjórar tveir, einn skrifstofustjóri ráðgjafar og annar á sviði lögfræði. Var það mat páverandi framkvæmdastjórnar að ekki væri þörf á tveimur skrifstofustjórum, ef að framkvæmdastjórn væri skipuð lögfræðingi og félagsráðgjafa. Í upphafi árs 2023 tók Umdæmisráð Reykjavíkur til starfa og var þá fært til þess eitt



stöðugildi, stöðugildi Fræðslu- og gæðastjóra og verkefni viðkomandi færð yfir til lögfræðisviðs Barnaverndar Reykjavíkur.

Með yfirstjórn fara framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri, sem saman skipa framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur. Í dag starfa því samtals ríflega 60 starfsmenn á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur í 58 stöðugildum.

Aukinn fjöldi íbúa í Reykjavík, breytt samfélagsgerð og börn með fjölþættan vanda

Auknum fjölda stöðugilda á skrifstofu barnaverndar er ætlað að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga sem og til að mæta þeim aukna þunga og flækjustigi sem hefur einkennt mál sem ratað hafa til barnaverndar á undanförunum mánuðum og árum.

Einnig þarf að horfa til þess að á síðustu fimm árum hefur íbúum Reykjavíkurborgar fjölgað um 11.534 einstaklinga, sem jafngildir 9,2% aukningu. Áætlanir sýna fram á svipaða aukningu næstu fimm árin. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru börn 0 til 18 ára tæplega fjórðungur íbúa borgarinnar. Einnig má þar greina fjölbreyttari samsetningu íbúa eins og endurspeglast hefur í samfélagsumræðunni.

Að þessu sögðu telur framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur brýna þörf á styrkingu í þremur af fimm teyimum Barnaverndar Reykjavíkur líkt og áður sagði.

Meðferðarteymi eldri barna

Alþekkt er umræða um aukinn fjölda barna með fjölþættan vanda á aldrinum 13 – 18 ára og algjöra vöntun á úrræðum fyrir þann hóp. Samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er það á ábyrgð ríkisins að veita börnum með fjölþættan vanda móttöku, greiningu og sérhæfða meðferð. Vöntun á greiningar- og meðferðarúrræðum á vegum ríkisins hefur valdið tvenns konar vanda hjá barnavernd. Annars vegar hefur það valdið því að mál viðkomandi barna komast ekki í réttan farveg og eru þ.a.l. verulega þyngri í vöfum í bæði könnun og meðferð skv. barnaverndarlögum. Þar af leiðir aukið álag á þá ráðgjafa sem starfa í þessum málaflokki, málin eru lengur í vinnslu hjá barnavernd en áður, sem krefst meiri mannafla og málefni annarra ungmenna bíða. Hins vegar hefur þetta valdið því að barnaverndin (og velferðarsvið) hefur þurft að útvega úrræði fyrir börnin í stað ríkisins. Hefur það m.a. gert það að verkum að úrræði sem til staðar eru teppast og jafnframt hefur þurft að vista börnin í afar dýrum einkareknum búsetuúrræðum, en vistunargjöld vegna þess hlaupa á hundruðum milljónum fyrir hvert barn á ári. Hefur þessi vöntun á úrræðum því verið afar íþyngjandi fyrir barnavernd, bæði hvað varðar úrræði og mannafla en jafnframt hvað varðar fjármagn.

Miðað við fregnir og starf vinnuhópa á vegum ríkisstjórnarinnar á undanförunum vikum þá hillir undir að þessi háu vistunargjöld fáiast að einhverju leyti endurgreidd vegna ársins 2025 og að þau verði fjármögnuð að miklu leyti af hálfu ríkisins frá og með árinu 2026. Þetta er þó mikilli óvissu háð. Þá er einnig í bígerð af hálfu ríkisins að auka við meðferðarúrræði en það er einnig mikilli óvissu háð, hvort og þá hvenær slík úrræði komast í gagnið. Von er á frumvarpi um nýja heildarlöggjöf um barnavernd, þ.e. ný barnaverndarlög. Samkvæmt upplýsingum sem framkvæmdastjórn hefur um efni



Reykjavík



frumvarpsins má búast við töluverðum breytingum varðandi málefni barna og ungmenna með fjölþættan vanda sem er jákvætt en eftir stendur langvinnur vandi þeirra ungmenna sem þegar eru til vinnslu í þessu teymi, margþættur vandi þeirra sem taka mun tíma að ná tökum á og að vinna þarf upp langan biðtíma eftir þjónustu í þessu teymi.

Meðferðarteymi erlendra barna

Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið frá árinu 2020 þegar könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna var stofnað hjá Barnavernd Reykjavíkur. Árið 2020 voru alls 2.280 börn með erlent ríkisfang búsett í Reykjavík. Árið 2024 voru þau 3.945, um er að ræða aukningu um 73%.

Ef rýnt er í tölfræði er varðar börn með erlend ríkisfang má sjá að tilkynningar varðandi þessi börn eru hlutfallslega fleiri en tilkynningar er varða börn með íslenskt ríkisfang sem skýrir álagið í þessu teymi. Frá árinu 2021, þegar horft er til barna með íslenskt ríkisfang hefur verið tilkynnt um 14% þeirra en um 24% barna með erlent ríkisfang. Að sama skapi þarf að horfa til þess að málavinnsla er töluvert þyngri þar sem hún krefst m.a. túlkajónustu og sérstakrar aðgæslu á grundvelli menningarmunar. Einnig er tengslanet þessara fjölskyldna oft en ekki lítið sem ekkert á Íslandi og því þarf oft að nýta úrræði Barnaverndar Reykjavíkur eða aðkeyptrar þjónustu frá einkaaðilum fyrir þessar fjölskyldur, þar sem oft er ekki hægt að leita til aðila í nærumhverfi fjölskyldu eða barns. Þegar kemur að vistun þessara barna utan heimilis er sjaldgæft að hægt sé að leita til ættingja eða annarra í nærumhverfi barnsins, líkt og algengt er í málum barna af íslenskum uppruna, sem eykur enn á þungann í málavinnslu barna af erlendum uppruna.

Mál barna af erlendum uppruna reynast því oft flókin í vinnslu hjá barnavernd. Starfsmenn barnaverndar sem hafa reynslu af þessum málaflokki hafa einnig bent á skort á fósturfjölskyldum af erlendum uppruna, og hefur það verið rætt við starfsmenn Barna- og fjölskyldustofu. Það er afar mikilvægt að börn geti vistast á heimilum þar sem menningarbakgrunnur þeirra er virtur og skilinn, enda getur slíkt skipt miklu máli fyrir vellíðan og sjálfsmynd barnsins til framtíðar en lítið hefur áunnist varðandi þetta.

Fósturteymi

Margþættar áskoranir blasa við ráðgjöfum í fósturteyminu nú líkt og undanfarin ár. Þessar áskoranir lúta að að skorti á úrræðum fyrir stálpuð börn og börn með fjölþættan hegðunar- og geðvanda auk þess sem vandi og umsjá fósturbarna er orðin mjög krefjandi. Áskoranir reynast of miklar fyrir fósturheimili til að takast á við og getur þá orðið fósturrof. Ráðgjafar fósturteymis sinna umfangsmiklu starfi í að styðja við fósturforeldra sem eru með börn með þunga umsjá í fóstri. Handleiðsla og persónulegur stuðningur býðst fósturforeldrum bæði innan og utan heimilis. Ráðgjafar reyna að koma til móts við fósturheimilin með hvíldardvöl fyrir börnin utan heimilis. Hér skortir verulega á úrræði og stofnanir sem geta tekið við börnum í þessari stöðu í bráðatilvikum og veita sérhæfðan stuðning. Að auki er meiri krafa um umgengni við upprunafjölskyldu sem þarfnast skipulagningar og eftirlits sem er oft flókið verkefni.



Reykjavík



Þá er brýnt á að koma á úrræði fyrir börn á aldrinum 16-20 ára sem lenda í fósturrofi, eiga ekki nákomna að og geta ekki farið á annað fósturheimili. Slíkt úrræði væri til að styðja ungmenntin til sjálfstæðrar búsetu með ráðgjöf, eftirliti og öryggi.

Í byrjun árs 2026 fór Barnavernd Reykjavíkur með forsjá 169 barna. Þessi börn eru í varanlegu fóstri víðsvegar um landið. Með auknum vanda og þyngri málavinnslu í könnunar- og meðferðarteymum eins og áður er lýst hefur aukinn þungi einnig færst í málefni fósturbarna. Sem forsjáraðili höfum við ríkar skyldur til að fylgja börnum eftir, hafa eftirlit með fóstri þeirra og sjá til þess að þau fái þá meðferð og þjónustu sem þau eiga rétt á. Með tilkomu laga um farsæld og samþættingu þjónustu hafa verið lagðar á enn ríkari skyldur til að vinna að málefnum barna í nærumhverfi þeirra. Þetta krefst aukinnar þekkingar ráðgjafa í þessu teymi þar sem þeir þurfa að þekkja til framkvæmdar á þessum lögum víðsvegar um landið og stýra málavinnslu samkvæmt mismunandi verklagi, allt eftir því hvar viðkomandi fósturbarn býr.

Að auki er þróun síðustu tveggja ára á þá leið að árið 2024 voru gerðar kröfur um forsjárviptingu er vörðuðu 12 börn, en á árinu 2025 vörðuðu slíkar kröfur 33 börn.

Þessar tölur bera það með sér að þeir ráðgjafar sem sinna málum þeirra barna sem Barnavernd Reykjavíkur fer með forsjá yfir eru undir miklu álagi og málafjöldi á hvern og einn þeirra hefur aukist mikið, auk þess sýnir þetta enn frekar fram á alvarleika þeirra mála sem eru til vinnslu hjá stofnuninni.

Tölfræði

Árið 2025 bárust Barnavernd Reykjavíkur 6.514 tilkynningar. Frá árinu 2019 hefur tilkynningum til barnaverndar fjölgað um 39,7%. Ef horft er til fjölda barna sem tilkynningarnar varða hefur þeim fjölgað á sama tímabili álíka mikið eða um 33% (sjá töflu 1 og 2).

Brugðist var við aukningu árið 2021 og bætt við stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur eins og áður er lýst. Frá þeim tíma hafa tilkynningar aukist um 31,5% en á sama tíma hefur fjöldi barna sem tilkynningar varðar ekki aukist jafn mikið, eða um 14%.

Þá ber að líta til þess að á síðasta ári (2025) varð skörp aukning í fjölda þeirra barna sem annaðhvort voru tekin til könnunar á grundvelli tilkynninga eða voru þegar til könnunar hjá Barnavernd Reykjavíkur þegar tilkynning barst. Á því ári var sá fjöldi 1.552 börn, en fram að því hafði fjöldi barna haldist nokkuð stöðugur í kringum 1.350 (sjá töflu 3).

Sú aukning sem orðið hefur á tilkynningum og til viðbótar sú nýja aukning sem hefur orðið á fjölda barna sem tekin eru eða eru þá þegar til könnunar þegar tilkynning berst, er merki um það að málin sem eru til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur eru öll afar þung og málavinnsla flókin, sérstaklega þar sem bæði er aukið úrræðaleysi og lengri bið eftir úrræðum, og á það við bæði um þau úrræði sem Barnavernd Reykjavíkur býr yfir og þau úrræði sem sótt er um hjá Barna- og fjölskyldustofu. Þetta leiðir af sér mikið álag á þá starfsmenn sem sinna þessum málum líkt og fjallað hefur verið hér að framan.




Reykjavík




Tafla 1

Fjöldi tilkynninga árin 2019-2025



Tafla 2

Fjöldi barna sem tilkynnt var um árin 2019-2025




Reykjavík



Tafla 3

Fjöldi barna sem ákveðið var að hefja könnun eða mál var þegar í vinnslu, árin 2019-2025



Farsæld ekki skilað sér í færri málum til Barnavernd Reykjavíkur

Frá því að ný lög um farsæld og samþættingu þjónustu við börn voru sett árið 2021 hefur barnavernd unnið með velferðarsviði og ekki síst með verkefnastjórum Betri Borgar fyrir Börn (BBB) að breyttu verklagi til samræmis skilgreiningu á stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá hefur barnavernd einnig verið í góðu samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) um að stuðla að samþættingu barnaverndarstarfs og annarrar þjónustu í þágu barna. Lögð hefur verið áhersla á samfellu í vinnu stuðningsteyma sem færast á milli þjónustustiga og jafnframt hefur verið lögð áhersla á samvinnu um að málin verði „fullunnin“ á fyrsta og öðru stigi áður en þau koma yfir til barnaverndar, sem er þriðja stig.

Töluvert fjármagn fór frá ríkinu til sveitarfélaga við innleiðingu farsældar og samþættingar þjónustu en fjármagnið fór til styrkingar þjónustu fyrsta og annars stigs, en ekkert fjármagn fór til barnaverndar, þ.e. til þriðja stigsins. Var það rökstutt með vísan til þess markmiðs laganna að í þeim fælist fyrst og fremst styrking og áhersla á snemmtæka íhlutun og aukna þjónustu fyrsta og annars stigs, sem myndi skila sér í fækkun mála til þriðja stigs. Það hefur hins vegar ekki raungerst eins og þegar er lýst og það virðist ekki fyrir séð að svo verði á næstunni.

Eins og áður er lýst hefur fjöldi tilkynninga aukist allt frá árinu 2019. Aukið samstarf og stigskipting þjónustu virtist árið 2024 hafa skilað sér í því að hlutfallslega færri mál væru tekin til könnunar eða voru þá þegar til könnunar, en aukning varð árið 2025 sbr. umfjöllun að framan. Þá sýnir málavogin að málin eru þyngri og fjölþættari en áður eins og nú verður vikið að.



Reykjavík



Málavog, álag í starfi

Síðustu ár hefur Málavog verið notuð til þess að mæla vinnuálag í barnavernd. Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu styðjast við Málavogina til þess að fylgjast með þróun álags í starfi sem og æskilegum málafjölda og meirihluti barnaverndarþjónusta sveitarfélaga landsins notast einnig við mælitækið. Ráðgjafar hjá Barnavernd Reykjavíkur mælast ítrekað með stigafjölda sem er langt umfram æskilegar viðmiðunartölur sem gefa til kynna mikið álag í starfi.

Ef horft er til síðustu mælinga í Málavog sem gerðar voru í þeim þremur teyllum sem þarf að styrkja má sjá að allt starfsfólk er með töluvert fleiri stig en æskilegt er.

Teymi	Heildarstig	Æskileg stig	Samtals
KOMBE	184	144	40 stig yfir/ alltof mikið
KOME	140	119	21 stig / mikið yfir
FOST	201	143	60 stig / alltof mikið

Tafla 2

Samantekt

Eins og áður var greint frá eru könnunar- og meðferðarteymi Barnaverndar Reykjavíkur þrjú. Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna er skipað níu ráðgjöfum og einum deildarstjóra. Bæði könnunar- og meðferðarteymi erlendra barna og eldri barna eru einungis með sex ráðgjafa auk deildarstjóra. Biðtími í þessum teyllum hefur síðustu mánuði verið allt að hálft ár þó að alltaf sé málum forgangsraðað. Þessi biðtími er með öllu óásættanlegur og mikilvægt að mati framkvæmdastjórnar Barnaverndar Reykjavíkur að gripið sé til aðgerða sem allra fyrst til þess að bæta úr þessu. Þarna ber að horfa til jafnræðisreglu stjórnarsýslunnar og mikilvægis þess að biðtími sé sá sami hvort sem horft er til aldurs eða uppruna. Að sama skapi þarf að styrkja fósturteymi Barnaverndar Reykjavíkur.

Fjárheimildir frá og með 2026. Fyrrgreind tillaga felur í sér aukningu um þrjú stöðugildi á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur að upphæð 51 m.kr. Framkvæmdastjórn telur þetta afar mikilvægt til þess að mæta fjölgunar tilkynninga, þyngri málavinnslu og aukins álags á starfsmenn, án þess að það bitni á fagmennsku og þeirri þjónustu sem börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu eiga rétt á.

Fylgiskjöl:

Jafnréttisskimun, dags. 17. febrúar 2026



Jafnréttisskimun

Netfang

Thyri.Steingrimsdottir@reykjavik.is

Nafn verkefnis/tillögu

Aukning á stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkkur

Tengiliður

Thyri.Steingrimsdottir@reykjavik.is

Svið

VEL

Þjónustupáttur

Barnavernd

Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Breytingartillaga (viðauki) við gildandi fjárhagsáætlun

Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Nei

Áætlaður kostnaður verkefnis

51000000 kr.

Lýsið tillögunni og markmiðum hennar

Reykjavík



Lagt er til að fjárheimild verði aukið frá og með 1. mars 2026 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um þrjú stöðugildi. Er þar um að ræða þrjú stöðugildi ráðgjafa, eitt í könnunar og meðferðarteymi eldri barna, eitt í könnunar- og meðferðarteymi erlendra barna og eitt í fósturteymi. Áætlaður kostnaður er 51 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs. Könnunar- og meðferðarteymi Barnaverndar Reykjavíkur þrjú. Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna er skipað níu ráðgjöfum og einum deildarstjóra. Bæði könnunar- og meðferðarteymi erlendra barna og eldri barna eru einungis með sex ráðgjafa auk deildarstjóra. Biðtími í þessum teymum hefur síðustu mánuði verið allt að hálft ár þó að alltaf sé málum forgangsraðað. Þessi biðtími er með öllu óásættanlegur og mikilvægt að mati framkvæmdastjórnar Barnaverndar Reykjavíkur að gripið sé til aðgerða sem allra fyrst til þess að bæta úr þessu. Þarna ber að horfa til jafnræðisreglu stjórnarsýslunnar og mikilvægis þess að biðtími sé sá sami hvort sem horft er til aldurs eða uppruna. Að sama skapi þarf að styrkja fósturteymi Barnaverndar Reykjavíkur.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?

Ekki viss

Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?

um er að ræða 3 stöðugildi félagsráðgjafa í könnunar og meðferðarteymi Barnaverndar, en í þeim teymum starfa nær eingöngu félagsráðgjafar - félagsráðgjafar eru því markhópurinn, bæði innan og utan Barnaverndar

Eru til kyngreind gögn um þá hópa?

Óljóst

Hvað segja gögnin?

á ekki við

Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?

Hægt að afla gagna frá Félagsráðgjafafélaginu



Reykjavík



Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið

Ekki vitað til þess að áhrifin verði mikið, hægt að afla gagna frá Félagsráðgjafafélaginu um samsetningu hópsins en vitað er að lang flestir félagsráðgjafar eru kvenkyns. Hægt er að nálgast lista yfir alla sem eru með starfsleyfi á heimasíðu félagsins.

Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar

Tillagan/Verkefnið hefur ekki áhrif á stöðu jafnréttis/viðheldur núverandi stöðu

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?

Nei

Annað?



Reykjavík